

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember 2012**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins 2012 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri batnaði á milli ára og var neikvætt um 51,1 ma.kr. samanborið við 70,3 ma.kr. á sama tímabili 2011. Tekjur reyndust 43,2 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan að gjöldin jukust um 18,9 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 60,4 ma.kr. Hluti af því fráviki skýrist með því að raundreifing gjalda og tekna hefur verið önnur en gert var ráð fyrir. Inni í heimildum er búið að taka tillit til fjárheimildastöðu frá fyrra ári.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-nóvember 2012 (m.kr.)

	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Innheimtar tekjur	392.733	367.629	411.780	399.408	442.559
Greidd gjöld	392.519	483.921	471.321	471.694	490.637
Tekjujöfnuður	214	-116.291	-59.541	-72.286	-48.078
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	7.088	-6.533	-13.116	2.136	-3.004
Handbært fé frá rekstri	7.302	-122.824	-72.657	-70.150	-51.082
Fjármunahreyfingar	-37.286	35.860	10.459	65.863	-29.243
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-29.984	-86.964	-62.198	-4.287	-80.325
Afborganir lána	-45.490	-99.172	-149.930	-176.387	-210.752
Innanlands	-30.019	-72.823	-81.865	-88.840	-53.220
Erlendis	-15.471	-26.349	-68.065	-87.547	-157.532
Greiðslur til LSR og LH	-3.650	0	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-79.124	-186.136	-212.128	-180.674	-291.752
Lántökur	145.286	172.862	322.979	276.978	226.567
Innanlands	101.712	165.302	194.421	150.388	91.940
Erlendis	43.574	7.560	128.557	126.590	134.627
Breyting á handbæru fé	66.162	-13.274	110.851	96.304	-64.510

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu ellefu mánuðum ársins jukust um 10,9% á milli ára og námu alls 442,6 ma.kr. sem er 11,3 ma.kr. eða 2,6% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Drjúgan hluta frávíksins má rekja til óreglulegra liða sem ekki var áætlað fyrir. Ef leiðrétt er fyrir þessum atriðum nema innheimtar tekjur ríkissjóðs á tímabilinu 433,2 ma.kr. sem er 1,9 ma.kr. eða 0,4% umfram áætlun. Gerð er nánari grein fyrir þessum frávikum hér að neðan eftir því sem tilefni er til.

Skatttekjur- og tryggingagjöld námu 407,9 ma.kr. og jukust um 9,7% á milli ára sem er 14,3 ma.kr. eða 3,6% yfir áætlun. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 10,7% og nam 91,1 ma.kr. sem er 6,1 ma.kr. yfir áætlun. Samanlögð skil laungreiðenda á útsvari og tekjuskatti af launum á fyrstu tíu mánuðum ársins jukust um 9,6% á milli ára sem er til



merkis um að stofn skattsins hafi styrkst nokkuð á árinu. Þá þróun má annars vegar rekja til meiri launahækkana en gert var ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga og hins vegar þess að úttektir séreignarsparnaðar hafa reynst meiri en reiknað var með. Þess má geta að tekjuskattur greiddur í ríkissjóð vegna úttekta séreignarsparnaðar nemur um 4,3 ma.kr. það sem af er ári.

Fjármagnstekjuskattur nam 16,7 ma.kr. sem er tæplega þriðjungssamdráttur á milli ára og um 3,4 ma.kr. undir áætlun. Þetta frávik skýrist af því að endurgreiðslur til lögaðila, sem almennt eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti, hafa verið töluvert meiri en áætlað var. Af þessum sökum var áætlun ársins um tekjur af fjármagnstekjuskatti lækkuð um 2,4 ma.kr. í frumvarpi til fjárukalaga 2012.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2010	2011	2012	2010	2011	2012
Skatttekjur og tryggingagjöld	361.384	371.767	407.856	12,2	2,9	9,7
Skattar á tekjur og hagnað	121.656	122.909	135.850	-1,6	1,0	10,5
Tekjuskattur einstaklinga	80.424	82.308	91.111	8,5	2,3	10,7
Tekjuskattur lögaðila	12.706	16.611	28.056	6,6	30,7	68,9
Skattur á fjármagnstekjur	28.525	23.990	16.683	-24,2	-15,9	-30,5
Eignarskattar	7.076	8.534	12.754	62,0	20,6	49,5
Skattar á vöru og þjónustu	163.840	164.829	179.731	13,5	0,6	9,0
Virðisaukaskattur	109.975	106.801	116.689	11,8	-2,9	9,3
Vörugjöld af ökutækjum	1.423	2.400	3.835	-13,4	68,7	59,8
Vörugjöld af bensíni	10.649	11.003	10.949	4,0	3,3	-0,5
Skattar á olíu	5.853	5.955	6.311	3,3	1,7	6,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	13.381	13.947	14.861	7,5	4,2	6,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	22.559	24.724	27.086	40,7	9,6	9,6
Tollar og aðflutningsgjöld	5.815	6.131	6.606	28,6	5,4	7,7
Aðrir skattar	7.389	9.275	13.427	2,7	25,5	44,8
Tryggingagjöld	55.609	60.089	59.488	46,8	8,1	-1,0
Fjárframlög	763	734	749	73,2	-3,8	2,1
Aðrar tekjur	29.875	26.005	32.564	-33,4	-13,0	25,2
Sala eigna	19.674	703	1.390	-	-	-
Tekjur alls	411.696	399.210	442.559	11,9	-3,0	10,9

Tekjuskattur lögaðila nemur 28,1 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er 10,9 ma.kr. yfir áætlun. Hluta fráviksins má rekja til uppgjöra fyrri ára sem höfðu í för með sér 3,8 ma.kr. viðbótartekjur á tímabilinu, en slík uppgjör geta ýmist leitt til inn- eða útgreiðsna fyrir ríkissjóðs. Ef litið er framhjá áhrifum eldri uppgjöra nam tekjuskattur lögaðila 24,3 ma.kr. sem er 7,1 ma.kr. yfir áætlun. Búist er við því að þetta umtalsverða frávik lækki á síðasta mánuði ársins og að innheimta ársins færist þar með nær tekjuáætlun fjárlaga.



Tekjur af tryggingagjaldi drógust saman um 1% á milli ára og námu 59,5 ma.kr. sem er 1,2 ma.kr. yfir áætlun. Þess ber að geta að tekjusamdrátturinn er hlutfallslega minni en sem nemur lækkun tryggingagjaldsprósentunnar á milli ára sem bendir til þess að gjaldstofn gjaldsins hafi vaxið. Heildarlaunastofninn í janúar-nóvember er rúmlega 8% hærri í ár en í fyrra.

Tekjur af eignarsköttum námu 12,8 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. yfir áætlun. Ef litið er framhjá 1,4 ma.kr. greiðslu frá lífeyrissjóðum vegna sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu, sem flokkuð er sem eignarskattur, er innheimta eignarskatta 0,1 ma.kr. undir áætlun. Sérstaka greiðslan frá lífeyrissjóðum er vegna ársins 2011 og var gjalddagi hennar í lok árs 2011 en eindagi mánuði síðar. Af þeim sökum var ekki gert ráð fyrir þeirri greiðslu í tekjuáætlun 2012.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu jukust um 9,0% á milli ára og námu 179,7 ma.kr. sem er 2,7 ma.kr. undir áætlun. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals er uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu 3,3% undir verðlagsbreytingum. Tekjur af virðisaukaskatti, sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta, námu 116,7 ma.kr. sem er 2,7 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af bensíngjöldum lækkuðu um 0,5% á milli ára og námu 10,9 ma.kr. sem er 1,0 ma.kr. undir áætlun. Af þessari innheimtu er ljóst að áætlun fjárlaga um tekjur af bensíngjöldum var of há enda var hún lækkuð nokkuð í frumvarpi til fjárlagala. Tekjur af olíugjaldi eru aftur á móti um 0,1 ma.kr. yfir áætlun og því bendir allt til þess að hækkandi eldsneytisverð síðastliðinna missera hafi mun sterkari eftirspurnaráhrif á bensín en olíu. Þetta kemur í sjálfu sér ekki á óvart þar sem bensínbílar eru uppistaðan í bílafloða heimilanna.

Innheimta vörugjalda af ökutækjum nemur 3,8 ma.kr. sem er 1,1 ma.kr. yfir áætlun. Ljóst er að innflutningur bifreiða hefur verið mun meiri það sem af er ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2012 og hefur áætlunin því verið hækkuð í frumvarpi til fjárlagala. Áfengis- og tóbaksgjöld jukust um 6,6% á milli ára og námu 14,9 ma.kr. sem 0,2 ma.kr. yfir áætlun.

Aðrar tekjur jukust um ríflega fjórðung á milli ára og námu 32,6 ma.kr. sem er 2,6 ma.kr. yfir áætlun. Það frávík má að mestu rekja til arðgreiðslna frá Landsvirkjun og Seðlabankanum auk 1 ma.kr. söluhagnaðar vegna gjaldeyrisútboða Seðlabankans sem haldin voru sumarið 2011 og á þessu ári. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum tekjum nema að takmörkuðu leyti í tekjuáætlun. Þá eru tekjur af veiðigjöldum töluvert undir áætlun á tímabilinu eða um sem nemur 2,7 ma.kr. Það má alfarið rekja til þess að stórum gjalddaga gjaldsins var frestað fram í desember á meðan vinnu við ákvörðun vaxtakostnaðarafsláttu var enn ólokið.

Greidd gjöld námu 490,6 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 18,9 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 4%. Greidd gjöld voru 705 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 0,1%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.



Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 12,4 ma.kr. milli ára sem var um 3,4 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 1,2 ma.kr. milli ára sem skýrist að mestu með greiðslum til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Útgjöldin voru 1,8 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála drógust saman um 3,8 ma.kr. milli ára en voru í samræmi við áætlanir. Breytingin milli ára skýrist að langstærstu leyti með greiðslu vaxtabóta sem var 3,8 ma.kr. lægri en á síðasta ári og 2,2 ma.kr. innan heimilda. Þá drógust greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs saman um 2,7 ma.kr. milli ára en voru 1,9 ma.kr. umfram áætlanir. Barnabætur drógust saman um 539 m.kr. milli ára og greiðslur Fæðingaorlofssjóðs um 318 m.kr. Á móti jukust greiðslur vegna Lífeyristrygginga um 1,6 ma.kr. milli ára og voru 1,4 ma.kr. umfram heimildir og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 1,3 ma.kr. og voru 408 m.kr. umfram heimildir, en áhrif kjarasamninga síðasta árs hafa þarna mikil áhrif.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 4,6 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 2,1 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala jukust um 2 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 2,6 ma.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist með uppsöfnuðum halla frá fyrri árum sem fluttur er milli ára til lækkunar á heimildum. Útgjöld vegna Sjúkratrygginga jukust um 645 m.kr. milli ára og voru jafnframt 1,1 ma.kr. umfram fjárheimildir. Þá jukust útgjöld Framkvæmdasjóðs aldraðra um 1,1 ma.kr. en voru 1,3 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála voru 533 m.kr. lægri en á sama tímabili árið 2011 og voru jafnframt 4,3 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu með stöðu ýmissa sjóða og safnliða. Útgjöld til menntamála voru 2,7 ma.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra en 1,4 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld vegna framhaldsskóla jukust um 1,3 ma.kr. milli ára en voru 672 m.kr. innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands jukust um 733 m.kr. milli ára en voru 923 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til menningar-, íþróttar- og trúmála voru 257 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra en voru 1 ma.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins gerðu ráð fyrir.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 1,5 ma.kr. milli ára en voru lítillega innan heimilda tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að stærstum hluta með útgjöldum Landhelgisgæslunnar sem aukast um 447 m.kr. milli ára og eru jafnframt 117 m.kr. umfram heimildir. Þá aukast útgjöld Sérstaks saksóknara um 249 m.kr., Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um 217 m.kr. og Héraðsdómstóla um 141 m.kr. Útgjöld Ofanflóðasjóðs aukast um 431 m.kr. milli ára en eru 796 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til umhverfisverndar eru 211 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra en voru 350 m.kr. innan áætlana. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 279 m.kr. og voru jafnframt 346 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust lítillega saman milli ára eða um 134 m.kr. og voru jafnframt lítillega innan heimilda. Óregluleg útgjöld jukust um 967 m.kr. milli ára og voru jafnframt 3,3 ma.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 856 m.kr. hærri en á síðasta ári og jafnframt 2,6 ma.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur 717 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir og 121 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra.

**Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember 2010-2012**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2010	2011	2012	2011	2012
Almenn opinber þjónusta	103.113	100.037	113.583	-3,0	13,5
þar af vaxtagreiðslur	62.020	57.996	70.376	-6,5	21,3
Varnarmál	1.319	1.221	942	-7,4	-22,9
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	16.293	17.833	19.314	9,5	8,3
Efnahags- og atvinnumál	53.779	50.261	49.728	-6,5	-1,1
Umhverfisvernd	4.131	4.314	4.525	4,4	4,9
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	590	336	203	-43,0	-39,7
Heilbrigðismál	101.524	103.926	108.503	2,4	4,4
Menningar-, íþróttar- og trúmál	14.559	14.450	14.706	-0,8	1,8
Menntamál	43.759	42.412	45.092	-3,1	6,3
Almannatryggingar og velferðarmál	118.824	126.831	123.001	6,7	-3,0
Óregluleg útgjöld	13.431	10.072	11.040	-25,0	9,6
Gjöld alls	471.321	471.694	490.637	0,1	4,0

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 80,3 ma.kr. fyrstu 11 mánuði ársins en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 4,3 ma.kr.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 210,7 ma.kr., þar af voru 157,5 ma.kr. vegna erlendra lána. Ríkissjóður nýtti lánsloforð frá Norðurlöndunum í árslok 2011 fyrir sem svarar 103 ma.kr. og notaði af því 44,6 ma.kr. til endurgreiðslu fyrri lána Norðurlanda í mars s.l. Þá greiddi ríkissjóður upp erlent lán sem var á gjalddaga í apríl að jafnvirði 27,7 ma.kr. og greiddi enn niður lán Norðurlanda í júní fyrir um 78 ma.kr. á móti erlendri lántöku í júní s.l. Aðrar erlendar afborganir námu 7,3 ma.kr. Innendar afborganir námu 53,2 ma.kr., þar af nam innlausn markflokks ríkisbréfa á gjalddaga í ágúst 49,3 ma.kr.

Lántökur námu 226,6 ma.kr. á tímabilinu, þar af voru 91,9 ma.kr. gefnir út innanlands. Gefin voru út ríkisbréf fyrir um 84,6 ma.kr., þar af verðtryggð ríkisbréf fyrir um 28,8 ma.kr. og óverðtryggð fyrir um 55,8 ma.kr. Einnig voru gefin úr ríkisbréf vegna SpKef fyrir 19,2 ma.kr. í sérstökum flokki ríkisbréfa. Önnur útgáfa ríkissjóðs á tímabilinu nam 7,2 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði á móti um 19,1 ma.kr. Í maí gaf ríkissjóður út skuldabréf að fjárhæð 1 milljarði Bandaríkjadala, að jafnvirði 124,5 milljörðum króna. Endurmat gjaldeyrisreikninga var jákvætt um 10,1 ma.kr.